

Jöklarannsóknafélag Íslands í sjötíu ár

Magnús Tumi Guðmundsson

Jarðvísindastofnun Háskólans, Sturlugötu 7, IS-102 Reykjavík

mtg@hi.is; <https://doi.org/10.33799/jokull2021.71.149>

Það var að kvöldi miðvikudagsins 22. nóvember 1950 að haldinn var í Reykjavík stofnfundur nýs félags sem hafði það að markmiði að stuðla að rannsóknum á jöklum landsins og ferðum um þá. Stofnfélagar voru um 50. Þann 7. mars 1951 var haldinn framhaldsstofnfundur. Þar voru samþykkt lög fyrir hið nýja félag og stjórn kosin. Fyrsti formaður og aðalstofnandi félagsins var Jón Eyþórsson. Hann var veðurfræðingur og starfaði á Veðurstofu Íslands. Jón hafði þó mörg járn í eldinum og má telja hann upphafsmann skipulegra jöklarannsókna hér á landi. Jón var farsæll í störfum sínum fyrir félagið, óskoraður leiðtogi þess og gegndi formennsku allt til dauðadags, 1968.

Um 1950 voru rannsóknir á pólsvæðum að fara af stað eftir heimstyrjöldina síðari. Paul-Emile Victor, franskur könnuður, stóð fyrir rannsóknarleiðangri til Grænlands sumarið 1951 en eitt af helstu verkefnum hans var að mæla þykkt Grænlandsjökuls með endurkastmælingum. Sá möguleiki var opin að hluti franska leiðangursins kæmu fyrst til Íslands með snjóbíla og mælitæki á leið sinni til Grænlands. Jón Eyþórsson hafði haft forgöngu um margvíslegar jöklamælingar hér á landi, hafið sporðamælingar um 1930, leitt Sænsk-Íslenska leiðangurinn ásamt Hans Almann 1936 og unnið að jöklarannsóknum með Steinþóri Sigurðssyni á Mýrdalsjökli 1943–1944. Rannsóknastofnanir hér á landi voru á þessum árum fáar og smáar og höfðu hvorki fjármuni né mannskap til að leggja í svo viðamikil og erfið verkefni sem rannsóknir á jöklum eru. Það varð því úr að setja á stofn áhugamannafélag sem hefði jöklarannsóknir að markmiði. Fyrsta verkefnið sem tengdist hinu nýstofnaða félagi var Fransk-Íslenski leiðangurinn, sem farinn var

á Vatnajökul í mars-apríl 1951, en að honum stóðu Grænlandsleiðangur Victors og Rannsóknaráð Ríkisins. Leiðin lá upp Breiðamerkurjökul og á þriggja vikna tímabili voru þykktarmælingar gerðar á 56 stöðum á Vatnajökli (Jón Eyþórsson, 1951). Leiðangurinn flutti upp í Esjufjöll efni í bragga auk þess sem efni í annað samskonar hús var skilið eftir niðri á Breiðamerkursandi. Um sumarið fór hópur fólks úr hinu nýstofnaða Jöklarannsóknafélagi upp í Esjufjöll og reisti þar braggann á nokkrum dögum. Eftir ferðina í Esjufjöll var hinn bragginn byggður á Breiðamerkursandi. Sá skáli fékk nafnið Breiðá og er elsta húsið sem enn stendur hér á landi sem byggt var með jöklarannsóknir í huga.

Þegar starfið hófst var talið að greiðasta leið á Vatnajökul fyrir leiðangra væri að sunnan, þá leið sem Fransk-Íslenski leiðangurinn fór um Breiðamerkurjökul. Var þá einkum horft til mælingaferða sem kölluðu á tæki og farangur. Snjóbílar voru að ryðja sér til rúms hér á landi og urðu þeir aðal farartækin á Vatnajökli. Segja má að 1950–1990 hafi verið tími snjóbílsins, á þeim byggðust nánast allar rannsóknarferðir á Vatnajökul á þessu tímabili. Um 1990 voru menn komnir upp á lag með að aka á snjó á breyttum jeppum á stórum dekkjum. Jöklabílar af því tagi hafa skipt miklu máli í jöklaferðum síðan. Snjóbílar hafa þó alls ekki horfið af sjónarsviðinu, þeir gegna lykilhlutverki þegar flytja þarf þungaf lutning á jöklum. Vélsleðar í núverandi mynd komu til sögunnar á sjöunda áratug 20. aldar og hafa alla tíð síðan nýst vel á jöklum.

Fyrsti snjóbíllinn sem félagið eignaðist, vísill sem hlaut nafnið Jökull I, kom til landsins í maímánuði